

Gerðardómur á flugmenn notaður sem fordæmi gegn öðru launafólki?

Flugmenn hafa lýst því yfir að þeir muni ekki taka laun nema samkvæmt frjálsum samningum við atvinnuveitendur sína segir í greinargerð

■ Í gær fór fram í efri deild Alþingis 2. umræða um frumvarpið um bann við vinnustöðvun flugmanna á Rolls Royce 400 vélum Loftleiða og gerðardóm.

■ Samgöngumálanefnd deildarinnar klotnaði í afstöðunni til málsins og hafði Jón Þorsteinsson framsögu fyrir meirihlutanum en Björn Jónsson fyrir minni hlutanum. Meiri hlutinn lagði til að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn, Alþýðubandalags- og Framsóknarmenn lögðu til, að það yrði felld.

■ Í framsögu sinni ræddi Björn Jónsson mjög ítarlega ýmis atriði þessa máls og í greinargerð minni hlutans eru þau reifuð alltarlega.


Björn Jónsson benti m.a. á það í framsögu sinni, að tvisvar hefði Alþýðuflokkurinn sagt sig úr stjórn vegna gerðardóms- og lögbjörgunaraðgerða en nú sæti hann sem fastast þvert ofaní gömul fyrirheit og stefnuskráratrú, þótt þrjátíu setti einn helgasta rétt verkafélags.

Jón Þorsteinsson tók til máls en varð svarfátt við hinni á-gætu ræðu Björns Jónssonar, og tók á það ráð, sem löngum hefur verið brautalending rökþrótubúanna á Alþingi að hrópa í sífellu: Rússar, rússar, kommúnistar, kommúnistar.

Umræðunni var frestað í gær. Hér fer á eftir meiri hluti nefndarálits Björns Jónssonar og Framsóknarmanna í samgöngumálanefndinni:

„Það er skoðun undirritaðra, að engar þær röksemdir hafi verið færðar fram, sem réttlæti það, að atvinnuflugmenn séu sviptir samþingisrétti sínum við atvinnurekendur. Ekki verður heldur séð, að slíkar aðgerðir bjóti á nokkurn hátt íslenskum hagsmunum eða geti reynzt bjargráð fyrir Loftleiðir h.f. eða önnur íslensk flugfélög, þegar til lengdar lætur. Miklu líklegra er, að slíkar árársir á mannréttindi flugmannastéttarinnar mundu valda Loftleiðum ófyrirsjáanlegu tjóni í framtíðinni. m.a. vegna þeirrar hættu, að hin vel mennta og hæfa starfsstétt mundi í verulegum mæli hrekjast brott úr landinu til starfa hjá erlendum flugfélögum, sem flest eða öll bjóða miklu hærri launakjör og betri starfskilyrði en hér tíðkast, a.m.k. enn sem komið er. Hafa flugmenn og lýst því yfir, að þeir muni ekki una því að taka laun fyrir störf sín, nema samkvæmt frjálsum samningum við vinnuveitendur sína. Þegar af þessari ástæðu erum við undirritaðir andvígir þessu frumvarpi.

Framhald á 9. síðu.



Bygging dráttarbrautar í Neskaupstað hefst í sumar

NESKAUPSTAÐ 28/4 — Á fundi bæjarstjórnar Neskaupstaðar í gær var samþykkt að byggja nýja dráttarbraut í Neskaupstað og á hún að geta tekið 350—400 tonna skip í slipp. Verkfræðiskrifstofa Sigurðar Tómassonar hefur gert teikningar og kostnaðaráætlun og er heildarkostnaður við fyrirtækið áætlaður 17.6 milj. kr.

Samið hefur verið við pólska fyrirtækið Cekop um smíði sleða og tæknibúnaðar er honum fylgja. Kostar sá útbúnaður allur 6 miljónir króna en pólska fyrirtækið lánar 60% þess fjár til 6 ára. Umboð fyrir Cekop hér á landi hefur íslensk er-

lenda verzlunarfélagið. Það nýmæli er í útbúnaði sleðans að skorðuútbúnaður hans er vökvadrifinn.

Gert er ráð fyrir að timbur í undirstöður dráttarbrautarinnar komi í lok maí og verður vantanlega hægt að hefjast

handa um framkvæmdir í júní eða júlíbyrjun. Sleðinn og sá útbúnaður er honum fylgir kemur til landsins snemma á næsta ári en ráðgert er að dráttarbrautin verði fullbúin til notkunar næsta sumar. Hafnarstjórn Neskaupstaðar byggir mannvirki þetta með framlagi frá Vitamálasjóði.

Nýja dráttarbrautin verður rétt vestan við gömlu brautina og verður því hægt að nota hana meðan á byggingu þeirrar nýju stendur. Gert er ráð fyrir að 5 skip geti verið í einu í slippnum þegar mannvirkið er fullbúið. — R.S.

Ábatasöm togarakaup Eyjamanna

EINS OG KUNNUGT er keyptu nokkrir Vestmannaeyingar togarann Donwood er strandaði við Heimaklett í vetur og var kaupverð togarans 25 þúsund krónur og mega það kallast reifarakaup. Hinum nýju eigendum hefur nú tekizt að bjarga úr togaranum 30 tonn af gasolíu og mun verðmæti hennar einnar samant vera nálægt 45 þús. kr. Ennfremur hafa þeir bjargað úr honum nokkru af vélum, þá.m. tveim ljósavélum, svo og lífbáti og hafa þeir því hagnað vel á kaupunum. MYNDIN er tekin í Vestmannaeyjum fyrir nokkrum dögum og á henni miðri sést togarinn fast upp við Heimaklett. — (Ljós. Þjóðv. A. K.).

Handritin

Danska ihald-ið reynir að spilla málinu

KHÖFN 28/4 — Íhaldsflokkurinn danski kunngerði í dag að hann myndi flytja á þingi frumvarp um að komið verði upp samnorrænni stofnun til rannsóknna á „norrænum“ handritum, sem geymd séu í Kaupmannahöfn. Ekki var þess getið hvert fyrirkomulag flokkurinn hugsar sér á þessari stofnun, en augljóst að hér er aðeins um að ræða enn eina tilraun danska fhaldsins til að koma í veg fyrir afhendingu íslensku handritanna.

Menningarvika hernámsandstæðinga:

Samsýning 35 listamanna



Þorvaldur Skúlason.

■ Nú er skipulagningu menningarviku Samtaka hernámsandstæðinga mikið til lokið. Mun þar kenna margra grasa, eins og þegar hefur komið fram í fréttum Þjóðviljans. Þó höfum við ekki enn getið um samsýningu 35 íslenskra listamanna á 2.

hæðinni í Lindarbæ. Þessi sýning verður opnuð 1. maí kl. 16, eða um leið og menningarvikan verður sett. Hún verður opin alla dagana, sem menningarvikan stendur frá kl. 14 til 23 og er aðgangseyrir kr. 25,00.

■ Það eru eftirtaldir listamenn, sem sýna verk sín á myndlistarsýningunni: Alfréð Flóki, Ásgerður Ester Búadóttir, Barbara Árnason, Benedikt Gunnarsson, Bragi Ásgeirsson, Einar B. Baldvinsson, Eiríkur Smith, Guðmundur Andrésdóttir, Guðmundur Benediktsson,



Jón Engilberts.

Guðmundur Eliasson, Gunnlaugur Scheving, Hafsteinn Austmann, Haukur Sturluson, Hjörleifur Sigurðsson, Hreinn Friðfinnsson, Hörður Ágústsson, Jóhann Briem, Jóhannes Jóhannesson, Jónas E. Svafár, Jón Engilberts, Jón Benediktsson, Jón Gunnar Árnason, Kjartan Guðjónsson, Magnús Á. Árnason, Ríkarður Jónsson, Sigurður Sigurðsson, Sigurjón Jóhannsson, Sigurjón Ólafsson, Sigriður Björnsdóttir, Snorri Friðriksson, Steinunn Marteinisdóttir, Steinþór Sigurðsson, Svavar Guðnason, Sverrir Haraldsson, Þorvaldur Skúlason.